

Sveitarfélagið Vogar  
Sigurður H. Valtýsson  
Iðndal 2  
190 Vogar



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 15. júní 2016  
UST201605-236/B.S.  
10.05.02

### Efni: Aðstöðuhús við Háabjalla. Umsögn


Vísað er til bréfs Sveitafélagsins Voga dags. 25. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um fyrirætlanir um að staðsetja aðstöðuhús á skógræktarsvæði við Háabjalla, en svæðið er á Náttúruminjaskrá og er gildi svæðisins talið vera: „Gróðursælir skógarreitir og kjörið útivistarsvæði.“ Ráðgert er að staðsetja húsið sem er rúmlega 13 m<sup>2</sup> nærri bílastæði við jaðar svæðisins. Verður húsið staðsett að hluta á klöpp. Hvorki er gert ráð fyrir rafmagni né salernisaðstöðu í húsinu.


Markmið framkvæmdarinnar er að bæta aðstöðu til skógræktar og útivistar sem er í samræmi við verndargildi svæðisins. Hér er um afturkræfa framkvæmd að ræða sem mun að líkindum hafa jákvæð áhrif á útivistarsvæðið.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við fyrirætlanir um að staðsetja umrætt hús á skógræktarsvæði við Háabjalla.

Beðist er velvirðingar á því hversu dregist hefur að svara þessu erindi.

Virðingarfyllt

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

  
Sigrún Agústsdóttir  
Sviðsstjóri